



Fornleifavernd  
ríkisins



Ársskýrsla 2006

## Efnisyfirlit

<b>Ávarp forstöðumanns</b>	<b>3</b>
<b>Skipulag og umhverfismat</b>	<b>5</b>
<b>Fornleifarannsóknir</b>	<b>7</b>
<b>Rýnt í tölur</b>	<b>11</b>
<b>Fjármál</b>	<b>15</b>
<b>Önnur starfssemi</b>	<b>17</b>
<b>Starfsstöðvar og starfsfólk</b>	<b>21</b>



---

Við kumlið í Hringsdal

## Ávarp forstöðumanns

Árið 2006 var frjótt ár þar sem lokið var við áhugaverð verkefni og önnur áhugaverð hófust, en jafnframt var það ár magurra fjárveitinga og fjárhagserfiðleika eins og öll fyrri starfsár stofnunarinnar.

Árið 2002 höfðu Fornleifavernd ríkisins og Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæmagerð samning um skráningu, greiningu og mati á menningarsögulegu gildi allra minja, 100 ára og eldri, í Hólavallagarði. Um var að ræða umfangsmikið tímamótaverk sem Gunnar Bollason sagnfræðingur vann. Um mitt árið kom út vegleg skýrsla um verkefnið: Hólavallagarður við Suðurgötu, flokkun og lýsing minningar-marka og leiðisumgjarða með tilliti til menningarsögulegs gildis þeirra.

Til stendur að skrá og greina minjar í öllum kirkjugörðum landsins á sama hátt, og var skráning minja í kirkjugörðum Kjalarnessprófastsdæmis næsta verkefni í þessum flokki.

Verkefnisstjóri skráningarmála vann að gerð staðla fyrir fornleifaskráningu og var lögð áhersla á samvinnu við starfandi fornleifafræðinga við gerð staðlanna, en jafnframt áttu verkefnisstjóri og forstöðumaður Fornleifaverndar fundi með fulltrúum menntamálaráðuneytis og sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem skráningarmál voru rædd og unnið að ásættanlegri niðurstöðu.

Fornleifaskráning var verkefni sem Fornleifavernd ríkisins vildi að tekið væri föstum tókum og að farið yrði í fimm ára átaksverkefni í fornleifaskráningu. Slík skráning er nauðsynleg, rétt eins og fasteignaskrá fyrir ríkið. Hún er ekki einungis nauðsynleg fyrir stjórnslu fornleifamála í allri vinnu sinni í tengslum við umsagnir og stefnumörkun í fornleifavernd, fornleifarannsóknnum og nýtingu minja í ferðaþjónustu. Hún er einnig nauðsynleg fyrir hagsmunaaðila, þar sem

þekking á staðsetningu fornleifa flýtir fyrir allri hönnunarvinnu og lágmarkar kostnað við hana og við framkvæmdir.

Starfsfólk frá sænska þjóðminjavarðar-embættinu í Stokkhólmi kom á eigin kostnað til landsins og kynnti skráningar-kerfi sitt með frekari samvinnu í huga, en árið 2005 höfðu verkefnisstjóri skráningarmála og forstöðumaður Fornleifaverndar átt fundi með starfsfólki þjóðminjavarðar-embætta Noregs og Svíþjóðar um fornleifaskráningu.

Verkefnisstjóri skráningarmála gerði einnig nýja heimasíðu fyrir stofnunina, þar sem meðal annars voru stigin fyrstu skref stofnunarinnar í rafrænni stjórnslu. Hægt var að sækja um fornleifarannsóknir á netinu og fólk gat miðlað þar upplýsingum sínum um málefni fornleifaverndar.

Árið var erfitt fjárhagslega. Fornleifavernd varð af þeim sökum að segja upp samstarfi við Biskupsstofu, Þjóðminja-safn og Húsafríðunarnefnd vegna verkefnisins Kirkjur Íslands.



Kristín Huld Sigurðardóttir





---

Óttarsstaðir í Hafnarfirði

## Skipulag og umhverfismat

Samkvæmt Þjóðminjalögum 2001/107 skal skrá fornleifar vegna svæðisskipulags, aðalskipulags, deiliskipulags eða endurskoðunar þess. Þetta er gert til að tryggja að tekið sé tillit til fornleifa við skipulagsgerð og við framkvæmdir. Menningarminjar eru einnig einn þeirra þátta sem teknir eru til skoðunar í umhverfismati. Fornleifavernd ríkisins er umsagnaraðili um menningarminjar í umhverfismati.

Árið 2006 voru umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun þess 26 talsins sem er nokkru meira en 2005 en þá voru þær níu.

Tafla 1

Umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun aðalskipulags 2006	
Vesturland og Vestfirðir	1
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	2
Austurland	10
Suðurland	5
Reykjanes	6
Reykjavík	1

Umsögnum um deiliskipulög og byggingarreiti hefur heldur fækkað frá árinu 2005 en þá voru þær 137 en eru árið 2006 128 talsins. Taka skal fram að umsagnir varðandi deiliskipulagsmál í Reykjavík eru á hendi borgarminjavarðar.

Tafla 2

Umsagnir um deiliskipulag og byggingarreiti 2006	
Vesturland og Vestfirðir	39
Norðurland vestra	16
Norðurland eystra	3
Austurland	6
Suðurland	61
Reykjanes	16
Reykjavík	0

Á árinu tóku gildi ný lög um umhverfismat áætlana. Með lögnum var lögfest hér á landi tilskipun Evrópusambandsins um umhverfismat tiltekinna skipulags- og

framkvæmdaáætlana. Í framhaldi af gildistöku laganna fékk Fornleifavernd ríkisins mat á umhverfisáhrifum samgönguáætlunar 2007 – 2018 til umsagnar.

Tafla 3

Umsagnir um umhverfismat 2006	
Vesturland og Vestfirðir	0
Norðurland vestra	0
Norðurland eystra	1
Austurland	1
Suðurland	1
Reykjanes	2
Reykjavík	6

Árið 2006 var veitt 31 umsögn um umhverfismatsskyldu framkvæmda og 11 umsagnir um umhverfismat sem er svipað og árið 2005. Skiptingu fjölda umsagna eftir landshlutum má sjá í töflu 3 og töflu 4.

Tafla 4

Umsagnir um umhverfismatsskyldu 2006	
Vesturland og Vestfirðir	7
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	8
Austurland	3
Suðurland	3
Reykjanes	8
Reykjavík	1



Uppgröftur við Salthöfða

## Fornleifarannsóknir

---

Árið 2005 veitti Fornleifavernd ríkisins 41 leyfi til fornleifarannsókna en nú árið 2006 voru 54 leyfi veitt. Hlutfall rannsókna sem fara fram vegna framkvæmda fer vaxandi, árið 2005 voru slíkar rannsóknir 27% af heildarfjölda rannsókna en 42,6% árið 2006. Athygli vakti að ein rannsókn fór fram til að skera úr um landamerkjadeilu.

---

**Útskálar í Sveitarfélaginu Garði.** Könnunarskurðir vegna framkvæmda í þúst norðan við bæjarhól Útskála. Ábyrgðaraðili: Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 10. janúar 2006.

**Lambhagi í Reykjavík.** Könnunarskurðir vegna framkvæmda við ræsi nálægt bæjarstæði Lambhaga. Ábyrgðaraðili: Anna Lís Guðmundsdóttir, Minjasafni Reykjavíkur. Leyfi veitt 16. janúar 2006.

**Þórusel, Vatnsleysustrandarhreppi.** Könnunarskurðir til að reyna að staðsetja svokallað Þórusel vegna framkvæmda við Reykjanesbraut. Ábyrgðaraðili: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 1. febrúar 2006.

**Staður í Hrutafirði, Húnaþingi vestra.** Könnunarskurður í stekkjartóft vegna vegaframkvæmda. Ábyrgðaraðili: Guðný Zoëga, Bygðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt 2. febrúar 2006.

**Kalkofnsvegur í Reykjavík.** Könnunarskurðir vegna framkvæmda við tónlistar og ráðstefnuhús. Ábyrgðaraðili: Anna Lís Guðmundsdóttir, Minjasafni Reykjavíkur. Leyfi veitt 3. mars 2006.

**Hásteinsvegur 8, Stokkseyri.** Könnunarskurðir vegna framkvæmda í mögulegan rústahól. Ábyrgðaraðili: Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 10. apríl 2006.

**Skálavík í landi Minnibakka/Kálfeyri við Öndarfjörð.** Könnunarskurðir við verstöðvar. Ábyrgðaraðili: Ragnar Edvardsson. Leyfi veitt 10. apríl 2006.

**Arnarnesland-Akraland, Garðabæ.** Fornleifarannsókn á tóft vegna framkvæmda við íbúðarhverfi. Ábyrgðaraðili: Ragnheiður Traustadóttir. Leyfi veitt 10. apríl 2006.

**Læknesstaðir og Skoruvík á Langanesi, Norður-Þingeyjarsýslu.** Könnunarholur og

skurðir í þrennar mögulegar tóftir á landamerkjum Læknesstaða og Skoruvíkur. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 4. maí 2006.

**Tónlistar og ráðstefnuhús í Reykjavík.** Könnunarskurðir vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. maí 2006.

**Högnastaðir á Flúðum í Hrunamannahreppi.** Könnunarskurðir vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Hildur Gestsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. maí 2006.

**Skálholt í Bláskógabyggð.** Framhaldsrannsókn á biskupssetri. Ábyrgðaraðili: Mjöll Snæsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 18. maí 2006.

**Kirkjubæjarklaustur í Skaftárhreppi.** Framhaldsrannsókn á nunnuklaustri. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 18. maí 2006.

**Nesstofa, Seltjarnarnesi.** Vegstæði að Nesstofusafni. Uppgröftur vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Guðmundur Ólafsson, Þjóðminjasafni Íslands. Leyfi veitt 23. maí 2006

**Sólheimar í Landbroti, Vestur-Skaftafellssýslu.** Fornleifarannsókn á meintum landnámskála. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 23. maí 2006.

**Reykholt í Borgarfirði.** Framhaldsrannsókn á gamla kirkjustæði Reykholtskirkju. Ábyrgðaraðili: Guðrún Sveinbjarnardóttir, Þjóðminjasafni Íslands. Leyfi veitt 23. maí 2006.

**Þingvellir við Öxará.** Framhaldsrannsókn á þingstaðnum. Ábyrgðaraðili: Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 23. maí 2006.



**Hrísheimar í Skútustaðahreppi.** Framhaldsrannsókn á öskuhaug við bæjarstæði. Ábyrgðaraðili: Ragnar Edvardsson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 23. maí 2006.

**Bær í Örafum, Austur-Skaftafellssýslu.** Framhaldsrannsókn á bæ undir Salthöfða. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 23. maí 2006.

**Hof í Vopnafirði.** Rannsókn vegna framkvæmda, á tóft innan kirkjugarðs. Ábyrgðaraðili: Steinunn Kristjánsdóttir. Leyfi veitt 23. maí 2006.

**Skálanes í Seyðisfirði.** Fornleifarannsókn á meintum skála. Ábyrgðaraðili: Steinunn Kristjánsdóttir. Leyfi veitt 23. maí 2006.

**Hólmur í Nesjum, Austur-Skaftafellssýslu.** Rannsókn á skála. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 2. júní 2006.

**Arnórsstaðamúli í landi Skjöldólfsstaða, Jökuldal.** Rannsókn á tóft vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Hildur Gestsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 2. júní 2006.

**Gröf í Örafum, Austur-Skaftafellssýslu.** Rannsókn á mögulegu bænhúsi. Könnunarskurðir. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 2. júní 2006.

**Mosfellssveit. Hríbrú, Leirvogur og Borg.** Framhaldsrannsókn á kirkju og álagahól. Ábyrgðaraðili: Jesse Byock, UCLA. Leyfi veitt 2. júní 2006.

**Vindás í Örafum.** Rannsókn á meintu bæjarstæði. Prufuskurðir. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 2. júní 2006.

**Skriðuklaustur í Fljótsdal.** Framhaldsrannsókn á munkaklaustri. Ábyrgðaraðili: Steinunn Kristjánsdóttir. Leyfi veitt 2. júní 2006.

**Túngarður í landi Nausta, Akureyri.** Rannsókn á túngarði vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 15. júní 2006.

**Ytra-Gerði í landi Narfastaða, Suður-Þingeyjarsýslu.** Rannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Forn-

leifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 15. júní 2006.

**Hofstaðir í Mývatnssveit.** Framhaldsrannsókn. Öskuhaugur. Ábyrgðaraðili: Gavin Lucas, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 15. júní 2006.

**Gásir í Hörgárbyggð.** Framhaldsrannsókn á verslunarstað. Ábyrgðaraðili: Howell Magnús Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 15. júní 2006.

**Dysjar og gerði við Hvamma austan Staðarar í Skagafirði.** Ábyrgðaraðili: Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt 15. júní 2006.

**Ráeyri við Siglufjörð.** Rannsókn á tveimur tóftum vegna framkvæmda við Héðinsfjarðargöng. Ábyrgðaraðili: Hildur Gestsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 15. júní 2006.

**Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp.** Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili: Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 26. júní 2006.

**Hólar í Hjaltadal.** Framhaldsrannsókn á biskupsstól. Ábyrgðaraðili: Ragnheiður Traustadóttir. Leyfi veitt 27. júní 2006.

**Traðir í Bolungarvík.** Könnunarskurðir vegna framkvæmda við snjóflóðavarnargarð. Ábyrgðaraðili: Ragnar Edvardsson, fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 7. júlí 2006.

**Litlu Núpar í landi Laxamýrar í Aðaldal, Suður-Þingeyjarsýslu.** Könnunarskurðir í garðlög, tóft og möguleg kuml. Ábyrgðaraðili: Howell Magnús Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 10. júlí 2006.

**Kot í Rangárþingi ytra.** Könnunarskurðir í rústir sem hafa verið að koma í ljós vegna uppblásturs. Ábyrgðaraðili: Ragnar Edvardsson, fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 12. júlí 2006.

**Möðruvellir í Hörgárdal.** Rannsókn á öskuhaugi. Ábyrgðaraðili: Howell Magnús Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. júlí 2006.

**Sveigakot í landi Grænavatns í Mývatnssveit.** Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili: Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. júlí 2006.

**Pingey og Skuldapingsey í Skjálfandafljóti, Suður-Pingeyjarsýslu.** Framhaldsrannsókn á pingstöðum. Ábyrgðaraðili: Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12 júlí 2006.

**Forn garðlög í Suður-Pingeyjarsýslu.** Framhaldsrannsókn, garðlög í landi Rauðuskriðu, Hamra, Helgastaða, Pálmholts, Múlatorfu og Bjarnastaða. Ábyrgðaraðili: Oscar Aldred, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12 júlí 2006.

**Strandstaður Jamestown, Reykjanesi.** Neðansjávarrannsókn í þeim tilgangi að ná upp akkeri timburflutningaskipsins Jamestown sem strandaði við Reykjanes í lok 19. aldar. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 12. júlí 2006.

**Dysnes í Landi Syðri Bakka í Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu.** Rannsókn á mögulegum kumlum. Ábyrgðaraðili: Rúnar Leifsson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 18. júlí 2006.

**Rannsókn á kumlum og mannvirkjum í Hringsdal, Ketildalshreppi, Vestur-Barðastrandasýslu.** Ábyrgðaraðili: Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 31. júlí 2006.

**Sjónarhólskofi við Foldakvísl, Fljótisdalsafrétti, Norður Múlasýslu.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Steinunn Kristjánsdóttir. Leyfi veitt 31. júlí 2006.

**Búðarárbakki í Hrunamannahreppi.** Framhaldsrannsókn á 17. aldar býli. Ábyrgðaraðili: Kristján Mímisson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 4. ágúst 2006.

**Rannsókn á minjum í landi Nausta, Akureyri.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 10. ágúst 2006.

**Leirvogstunga í Mosfellsbæ.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Hildur Gestsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 10. ágúst 2006.

**Strákatangi í Hveravík í landi Kleifa í Kaldrananeshreppi.** Framhaldsrannsókn á minjum eftir hvalveiðar Baska. Ábyrgðaraðili: Ragnar Edvardsson, fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 27. september 2006.

**Forn grafreitir við Glerá á Akureyri.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 2. október 2006.

**Kirkjugarður á Hvanneyrarhól, Siglufirði.** Könnunarskurðir til að kanna umfang og legu kirkjugarðsins vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt 2. október 2006.

**Tröð í Bolungarvík.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Ragnar Edvardsson, fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 5. október 2006.

**Tónlistar og ráðstefnuhús í Reykjavík.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili: Oscar Aldred, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 2. nóvember 2006.

### **Björgunarrannsóknir á vegum Fornleifaverndar ríkisins:**

**Rangá, Hróarstungu, Austurlandi - beinafundur.** Stjórnandi: Inga Sóley Kristjónudóttir, Minja-vörður Austurlands, Fornleifavernd ríkisins.

**Gálgahraun við Vestmannsvatn.** Beinafundur. Stjórnandi: Sigurður Bergsteinsson, Minjavörður Norðurlands eystra, Fornleifavernd ríkisins.





Álftanes

## Fjármál

Fjárveiting til Fornleifaverndar ríkisins var mjög naum árið 2006 eins og fyrri ár. Þrátt fyrir að fjármagn fengist með sértekjum til að greiða fyrir starf verkefnastjóra kirkjuminja og skráningarmála, varð hallarekstur 2006 rétt eins og 2005. Stofnunin fékk ekkert verkefnafjármagn, heldur einungis vegna launakostnaðar og lágmarks rekstrar. Vinna við stefnumótun í fornleifavernd varð fyrst og fremst ástæða hallans.

### Rekstrarreikningur árið 2006

	2006	2005
<b>Tekjur</b>		
Sértekjur	7.364.338	10.678.200
	<u>7.364.338</u>	<u>10.678.200</u>
<b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld	46.453.153	41.831.118
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.275.857	4.278.295
Funda- og ferðakostnaður	2.736.658	2.575.591
Aðkeypt sérfræðipjónusta	3.445.202	1.646.535
Rekstur tækja og áhalda	1.233.917	1.724.322
Annar rekstrarkostnaður	3.038.130	888.701
Húsnæðiskostnaður	2.335.543	2.536.597
Bifreiðarekstur	4.487.866	3.735.859
	<u>67.006.326</u>	<u>59.217.018</u>
Eignakaup	556.802	1.239.046
	<u>67.563.128</u>	<u>60.456.064</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>	<b>(60.198.790)</b>	<b>(49.777.864)</b>
Ríkisframlag	52.211.562	43.442.000
	<u>52.211.562</u>	<u>43.442.000</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>	<b>(7.987.228)</b>	<b>(6.335.864)</b>



Í ferð um Laxárdal með starfsmönnum NNV

---

## Önnur starfssemi

### Rannsóknir og skráning

Verkefnisstjóri skráningarmála fór ásamt minjaverði Norðurlands vestra með þylum Landhelgisgæslunnar til afskekktara staða í Norður-Ísafjarðarsýslu til að kanna friðlýstar minjar. Mjög takmarkaðar upplýsingar eru til um þessa staði, sérstaklega skortir einhvers konar heimildir um fyrri rannsóknir á stöðunum. Virðist meirihlutinn vera lítt rannsakaður og friðlýsingarnar byggja að mestu á upplýsingum úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, eða sóknarlýsingum frá því um miðbik 19. aldar.

Verkefnisstjóri skráningarmála fór í vettvangsferð um Laxárdal í Austur-Húnavatnssýslu í þeim tilgangi að finna þar friðlýstar fornleifar. Laxárdalurinn er eyðidalur sem liggur samsíða Langadalnum. Eina leiðin til að fara þar um er á tveimur jafnfljótum eða á hesti. Þann 14. ágúst var haldið af stað en með í för var Helgi Páll Jónsson jarðfræðingur og dr. Armelle Decaulne landmótunarfræðingur frá Náttúrustofu Norðurlands vestra. Þetta var mikil ganga og ekki komið aftur í hús fyrr en seint um kvöld. Laxárdalur í heild sinni er spennandi staður því hann lagðist í eyði áður en stórvirkar vinnuvélar höfðu raskað þar umhverfinu. Friðun fornleifa er einnig auðveld þar sem svæðið er einungis notað sem afrétt fyrir hross og sauðfé.



Verkefnisstjóri kirkjuminja lauk á árinu við verkefni sem Fornleifavernd ríkisins tók að sér fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Verkefnið fólst í að lýsa, flokka og meta

menningarsögulegt gildi allra minja (minningarmörk og umgjarðir) eitt hundrað ára og eldri í Hólavallagarði, gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu. Alls voru flokkaðar og metnar 7465 minjar í kirkjugarðinum.

Á undanförunum árum hefur Dr. Jónas Kristjánsson unnið að rannsóknum á Vínlandsferðum norrænna manna. Í samstarfi við Jónas fór minjavörður Norðurlands vestra í rannsóknarleiðangur vestur til Nýfundnaland þar sem líklegir staðir voru kannaðir við Gambóflóa. Rætt var við fornleifafræðinga á staðnum, m.a. Ken Reynolds sem fer með málefni minjavörslu fyrir heimastjórnina á Nýfundnalandi og Labrador og svo Kevin McAllesee á Þjóðminjasafninu í St. Johns. Fyrirhugað er að þróa þessar rannsóknir áfram í samstarfi við Jónas.



Lengi hefur verið vitað um mannabein við Gálgann í Gálgahrauni við Vestmannsvatn. Vitað er til þess að fólk hefur verið að hirða þar mannabein síðustu áratugi. Sumarið 2001 fór minjavörður Norðurlands eystra ásamt Guðnýju Zoëga, þáverandi minjaverði Austurlands, á staðinn og hirtu þar bein af nokkrum einstaklingum sem voru þar í gjótu, rétt austan við syðri gálgastöpulinn. Guðný greindi þau bein sem síðar voru afhent Þjóðminjasafninu. Síðastliðinn vetur hafði Jón Magnússon kennari á Akureyri samband við minjavörð og sendi myndir af beinum sem hann hafði séð í gjótu í Gálgahrauni sumarið áður. Minjavörður fór svo í júní á staðinn og myndaði og fjarlægði eins mikið af heillegri

beinagrind og hægt var. Allur neðri hluti grindarinnar var undir mjög stóru hraungrýti svo ekki var hægt að ná honum öllum. Gálgahraun þarft helst að skoða á hverju sumri því greinilegt er að þarna eru sífellt að koma í ljós fleiri mannabein vegna hruns í gjótunum.

Minjavörður Austurlands gerði rannsókn við Gistiheimili Egilsstaða. Grafinn var könnunarskurður til að meta eðli og umfang við fyrirhugaða nýbyggingu. Núverandi Gistiheimili stendur rétt norðan eldra bæjarstæðis og er nýbygging áætluð þar sem nú er aðkomuvegur. Teknir voru tveir skurðir 1 x 0.5m. Reyndust öll menningarlög vera mjög röskuð. Ekki var talin frekari þörf á rannsókn.

Minjavörður Austurlands kannaði grafreit á Rangá í Hróarstungu. Þann 7.júli var hringt vegna fornleifafundar á Rangá. Í ljós höfðu komið mannabein þegar verið var að grafa fyrir einangrun í kjallara en þar var enn moldargólf að hluta. Samkvæmt heimildum hafði fundist grafreitir þegar húsið var byggt. Minjavörður fór á staðinn og tók upp þau bein sem höfðu fundist. Aftur var farið á Rangá í október og þá fjarlægð gólfskán til að sjá hvort fleiri bein leyndust undir. Í ljós komu útlínur 10 grafa. Grafnar voru upp þrjár efstu grafirnar og bein fjarlægð úr þeim. Ekki var grafið meira að þessu sinni.



Minjavörður Austurlands fór í nokkrar ferðir um og við fyrirhugað lónsstæði Kárahjúkavirkjunar ásamt Páli Pálssyni frá Aðalbóli. Einnig voru kannaðir aðrir staðir í Jökuldal. Einna áhugaverðast voru Hallarlindir við Hallarfjall ofan við Brú. Þar voru mannvistarleifar sem sáust í rofabarði skoðaðar. Þar virtist vera steinhleðsla sem

myndaði horn auk nokkurra brota af brenndum beinum, allt undir gjósku-lagi frá Heklu 1104.

### Útgáfa

Gunnar Bollason: *Hólavallagarður við Suðurgötu. Flokkun og lýsing minningarmarka og leiðisumgjarða með tilliti til menningarsögulegs gildis þeirra.* Fornleifavernd ríkisins, Reykjavík, 2006 (Rit Fornleifaverndar ríkisins 2006:1.) Skýrslan er 598 blaðsíður með viðbótum eftir Guðlaugu Vilbogadóttur þar sem hún setti niðurstöður upp í töflur.




Guðmundur L. Hafsteinsson, Gunnar Bollason, Jón Jónsson, Þorgeir Jónsson, Þór Magnússon: *Kirkjur Íslands 7. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi I.* Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa, Reykjavík, 2006.



Guðmundur L. Hafsteinsson, Guðrún Harðardóttir, Guðrún Jónsdóttir, Gunnar Bollason, Hjörleifur Stefánsson, Unnar Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson, Þór Hjaltalín, Þór Magnússon: *Kirkjur Íslands 8. Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi II*. Þjóminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd, Fornleifavernd ríkisins, Biskupsstofa, Reykjavík, 2006.

Gunnar Bollason: „Land fyrir stafni!“, *Evrópski menningarminjadagurinn 2006. Komu og brottfararstaðir*. Riksantikvarieðmbetet, Stockholm, 2006.



Gunnar Bollason: „Fátt eitt um eirmyndir í Hólavallagarði“, *Bautasteinn* 1. tbl. 11. árg. 2006.

Gunnar Bollason: „Sögustund í Kotstrandarkirkju“, *Sunnlenska fréttablaðið*, 31. ágúst 2006 (Rit Fornleifaverndar ríkisins 2006:2).

Hákon Jensson, Katrín Gunnarsdóttir, Kristinn Magnússon: *Hamarsbraut 17 í Hafnarfirði. Fornleifarannsókn*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2006.


Magnús A. Sigurðsson 2006. Árstekkur í landi Ytri - Drápuhlíðar, Helgafellsveit. Fornleifavernd ríkisins.(Óútgefið).

Sigurður Bergsteinsson: “Fjallkonan”. Fundnar leifar konu frá 10. öld ofan Vestdalheiðar”, *Ráðstefnurit: sjöunda landsbyggðarráðstefna Sagnfræðingafélags Íslands og Félags þjóðfræðinga á Íslandi: haldin á Eiðum 3-5. júní 2005*. Hrafnkell Lárusson ritstýrði. Egilsstaðir, Héraðsnefnd Múlasýslna og Sagnfræðingafélag Íslands, 2006, bls. 7-13.

Þór Hjaltalín: *Flugumýri*. Textaskrif á skilti sem sett var upp á Flugumýri í Skagafirði í jan. 2006. Ak., 2006.

Þór Hjaltalín: *Örlygsstaðir*. Textaskrif á skilti sem sett var upp á Örlygsstöðum í Skagafirði í jan. 2006. Ak., 2006.

Þór Hjaltalín: *Borðeyri*. Textaskrif á skilti sem sett var upp á Borðeyri við Hrutafjörð. Ak. 2006.



Þór Hjaltalín: *The Historic Landscape of the Saga of the People of Vatnsdal (Vatnsdælasaga)*. Dissertation submitted in partial fulfilment of the requirements for the M.A. in Medieval Archaeology. University of York. Dep. of Archaeology. September 2006.

### Fyrirlestrar og kennsla

Gunnar Bollason: Kirkjustaðir og kirkjubyggingar í Ölfusi. Fyrirlestur haldinn á vegum Fornleifaverndar ríkisins, í Kotstrandarkirkju í Árnesprófastdæmi á evrópska menningarminjadeginum, 3. september 2006.

Gunnar Bollason: Hólavallagarður, gamli kirkjugarðurinn við Suðurgötuna. Fyrirlestur á vegum Fornleifaverndar ríkisins og Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma, haldinn af tilefni Menningarnætur í Reykjavík, ágúst 2006.

Inga Sóley Kristjónudóttir: Kláfferjur í fortíð og nútíð. Fyrirlestur haldinn á vegum Fornleifaverndar ríkisins að Brú á Jökuldal, á evrópska menningarminjadeginum, 3. september 2006.

Kristinn Magnússon: Kapellan í Kapelluhrauni. Fyrirlestur haldinn á vegum Fornleifaverndar ríkisins við Straumsvík, Hafnarfirði, á evrópska



menningarminjadeginum, 3. september 2006.

Kristín Huld Sigurðardóttir: Fornleifar frá Víkingaöld. Kynningarfundur hjá leiðsögu-  
mönnum á Kaffi Reykjavík, 2. mars 2006.

Kristín Huld Sigurðardóttir og Agnes Stefánsdóttir: Fornleifar og eftirlíkingar. Fyrir-  
lestur haldinn á Þriðja íslenska söguþinginu  
18. - 21. maí 2006.

Kristín Huld Sigurðardóttir: Fornleifavernd.  
Fyrirlestur á staðarvarðarnámskeiði hjá Há-  
skólanum á Hólum, 2006.

Kristín Huld Sigurðardóttir: Öryggismál í kirkju-  
um. Kynningarerindi haldið á prófastfund í Há-  
teigskirkju, Reykjavík, 29. mars 2006.

Magnús A. Sigurðsson: Guðríður Þorbjarnar-  
dóttir, víðförlasta kona miðalda. Fyrirlestur  
haldinn á vegum Fornleifaverndar ríkisins, að  
Laugarbrekku á Snæfellsnesi, á evrópska  
menningarminjadeginum, 3. september 2006.



Sigurður Bergsteinsson: Var Fjallkonan  
íslensk? Fyrirlestur haldinn á vegum Sögu-  
félags Eyjafjarðar. Amtbókasafninu, Akureyri,  
haustið 2006.

Sigurður Bergsteinsson: Gásir, hinn forni  
verslunarstaður. Fyrirlestur haldinn á vegum  
Fornleifaverndar ríkisins, að Gásum í Eyjafirði,  
á evrópska menningarminjadeginum, 3.  
september 2006.

Sólborg Una Pálsdóttir: Menningarminjar á  
Borðeyri. Fyrirlestur haldinn á vegum Forn-  
leifaverndar ríkisins, að Borðeyri í Hrótafirði, á  
evrópska menningarminjadeginum, 3.  
september 2006.

Þór Hjaltalín: How can the Icelandic Sagas be  
used as sources in historic landscape  
analysis. The case of Vatnsdælasaga. Erindi  
flutt á málþingi miðaldaforleifafræðinema í  
York á Englandi, 15. maí 2006.

Þór Hjaltalín: Island—historia, folket och  
landet. En liten blick. Erindi á norrænu  
vinabæjarmóti á Sauðárkróki, 12. júní 2006.

Þór Hjaltalín: Viðgerðir torfhúsa. Erindi flutt við  
vettvangsskólann á Hólum, 13. júní 2006.

Þór Hjaltalín: *Sagas, “popular antiquarianism”  
and landscape. The case of Vatnsdælasaga.*  
Erindi flutt á ráðstefni fornleifafræðinga á  
Hólum í Hjaltadal 13. ágúst 2006.

Þór Hjaltalín: *Sögulandslag Vatnsdælasögu.*  
Erindi flutt á Hofi í Vatnsdal á þingi  
ferðapjónustuaðila, 9. nóvember 2006.

### **Almannatengsl, kynning, leiðsögn**

Verkefnastjóri skráningarmála tók að sér að  
hanna og koma upp nýrri heimasíðu fyrir  
stofnunina og er slóðin, sem fyrr,  
www.fornleifavernd.is. Nýja heimasíðan var  
komin í gagnið í apríl. Vefumsjónarkerfið  
SMALL XL heldur utan um efnið. Síðan var  
hönnuð með það í huga að verða lifandi  
upplýsingabrunnur fornleifafræði á Íslandi.

Egill Ólafsson: “15% fornleifa eru skráð”,  
(Viðtal við Sólborgu Unu Pálsdóttur)  
*Morgunblaðið* sunnudaginn 5. 2. 2006.

### **Samstarfsverkefni**

#### ***Innlend verkefni:***

Verkefnisstjóri skráningarmála vann að því að  
koma á formlegu samstarfi við Umhverfisdeild  
Landbúnaðarháskóla Íslands, sérstaklega  
hvað varðar kennslu, lokaverkefni nemenda  
og samnýtingu á landupplýsingum.

Minjavörður Norðurlands eystra tekur þátt í  
norræna verkefninu “Skógrækt og menningar-  
minjar” sem stutt er af norrænu ráðherra-  
nefndinni. Þriðji fundur verkefnisins var haldin í  
maí í Kierikki í Finnlandi. Meginefni fundarins  
var að þessu sinni fornleifaskráning. Hvert  
Norðurlandanna fyrir sig skýrði frá lagaum-  
hverfi, aðferðum og stöðu fornleifaskráningar.  
Fjórhúfundur verkefnisins var svo haldinn í  
ágúst á Íslandi. Hallgrímur Indriðason verk-  
efnisstjóri hjá Skógrækt ríkisins og minjavörður  
Norðurlands eystra önnuðust undirbúningur  
fundarins.

Minjavörður Norðurlands eystra vann sam-

samstarfsverkefni með Giljaskóla um fornleifafræðslu barna í 5. bekk. Börnin fengu fræðslu um fornminjar og tóku þátt í (tilbúnum) fornleifauppgreiftri.

Fornleifavernd ríkisins hélt áfram samstarfi við Háskóla Íslands um kennslu fornleifafræðinema og kenndu sérfræðingar stofnunarinnar nemum fagið *Fornleifavernd* fyrir fornleifafræðinga á vorönn 2006.

Fornleifavernd ríkisins vann, í samvinnu við Biskupsstofu, verkefni sem nefnist *Öryggismál í kirkjum* og felst í að semja leiðbeiningar fyrir umsjónarmenn kirkna um að tryggja öryggi kirkjugripa.

Fornleifavernd ríkisins tók þátt í verkefninu *Kirkjur Íslands* ásamt Húsafríðunarnefnd, Þjóðminjasafni Íslands og Biskupsstofu. Fornleifavernd ríkisins ákvað að segja upp samstarfinu þar sem stofnunin réð ekki við þær fjárhagslegu skuldbindingar sem fólust í því.

Fornleifavernd ríkisins og Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnassýslu og Skeiða- og Gnúpverjahreppur unnu að gerð vefsjár um Þjórsárdal og merkingu minja í dalnum.

Fornleifavernd ríkisins átti fund með köfurum um samvinnu við að skrá minjar í sjó. Ljóst er að mikið starf er fyrir höndum við að skrásetja t.d. öll skipsflök við Íslandsstrendur.

„Söguslóð Vatnsdælasögu“, er samstarfsverkefni Fornleifaverndar, Atvinnuþróunarfélags NV, Byggðasafns Húnavetninga og fleiri aðila í héraði sem hefur verið unnið undanfarin ár. Er markmiðið m.a. að gera minjarnar, sem flestar eru friðlýstar, aðgengilegar fyrir ferðafólk og veita um þær upplýsingar. Vegaskilti hafa verið sett upp við suma þessara staða og verður þeirri vinnu fram haldið. Minjavörður Norðurlands vestra vinnur þetta verkefni fyrir hönd Fornleifaverndar.

### **Erlent samstarf**

Verkefnisstjóri kirkjuminja er landsumsjónarmaður Evrópska menningarminjadagsins á Íslandi. Á árinu unnu landsumsjónarmenn (national coordinators) í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Eistlandi að sameiginlegri dagskrá landanna á Evrópska menningarminjadeginum. Ákveðið hafði verið að sameiginlegt efni ársins væri *Komu- og brottfararstaðir*. Til verksins fékkst styrkur frá Norrænu ráðherranefndinni sem Riksantikvarieämbetet í Svíþjóð hafði umsjón með.

Haldinn var vinnufundur í Helsinki í Finnlandi 14.- 16. febrúar. Gefinn var út sameiginlegur bæklingur sem og veggspjöld á málunum fimm.

Í september 2006 fór verkefnisstjóri skráningarmála til Englands fyrir hönd EAC til að funda með fulltrúum AARG (Aerial Archaeological Research Group) og kynna starfsemi þeirra með því að sitja ráðstefnu þeirra í Bath.



Aðilar frá sænsku minjavörslunni (Riksantikvarieämbetet) komu og kynntu fyrir starfsmönnum Fornleifaverndar fornleifaskráningu með frekari samvinnu þessara þjóða í huga.

**Stjórnar-, nefndarsetur og vinnuhópar**  
Kristín Huld Sigurðardóttir situr í Kirkjugarðaráði.



Kristín Huld Sigurðardóttir situr í ráðgjafanefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Minjavörður Vesturlands situr í Breiðafjarðar-

nefnd. Haldnir voru 9 fundir á árinu 2006. Mikil vinna hefur farið í undirbúning þeirra, sérstaklega vegna Vestfjarðavegar nr. 60 um norðanverðan Breiðafjörð. Einnig var gerður samningur við Háskóla Íslands um að landafræðinemi yrði styrktur til að vinna lokaverkefni um ver- og siglingarleiðir á Breiðafirði.

### Námskeið, ráðstefnur, nám:

Minjavörður Vesturlands sótti ráðstefnu/vinnufund í London á vegum EAC þar sem farið var yfir stöðu neðansjávarminja í Evrópu og fyrirhugað samstarf. Kom berlega í ljós að við eigum mikið starf fyrir höndum að skrá mögulegar neðansjávarminjar við strendur landsins.

Starfsfólk Fornleifaverndar ríkisins sótti ráðstefnu um fornleifarannsóknir á Hólum í Hjaltadal 16.-20. júlí 2006.

Agnes Stefánsdóttir og Inga Sóley Kristjónudóttir sóttu ráðstefnu og námskeið í Kristiansund í Noregi, 19.-23. september 2006, um hvernig nýta mætti menningararf til verðmætasköpunar og svæðispróunar. Komu þar fram margar áhugaverðar hugmyndir og tilraunir sem nágrannar okkar á Norðurlöndum eru að þróa.

Veturinn 2005-2006 stundaði minjavörður Norðurlands vestra, Þór Hjaltalín, nám í miðalda-fornleifafræði við háskólann í York á Englandi. Lokaverkefni, ritgerð til MA-prófs, var svo unnin um sumarið á Íslandi, með rannsóknnum í Vatnsdal og Þingum í A-Húnavatnssýslu og fjallar um *Sögulandslag Vatnsdælasögu*. Rannsóknir og uppmælingar voru gerðar þar á minjastöðum sem tengjast sögunni og eru flestir þeirra á friðlýsingaskrá. Ritgerðin tengdist vinnu við hina svokölluðu „Söguslóð Vatnsdælasögu“, sem hefur verið



samstarfsverkefni Fornleifaverndar, Atvinnuþróunarfélags NV, Byggðasafns Húnavetninga og fleiri aðila í héraði undanfarin ár. Markmiðið er m.a. að gera minjarnar aðgengilegar fyrir ferðafólk og veita um þær upplýsingar

### Upplýsingaskilti

Upplýsingaskilti við Flugumýri í Skagafirði (friðlýstar fornleifar).

Upplýsingaskilti við Örlygsstaði í Skagafirði (friðlýstar fornleifar).

Upplýsingaskilti við Borðeyri í Hrutafirði.

### Sumarstarfsmenn

Erlendur Eysteinnsson, staðarvörður við Þingeyrakirkju í Austur-Húnavatnssýslu með styrk frá Samgönguráðuneytinu.

### Staðlar og stefnumörkun

Eitt helsta verkefni verkefnistjóra skráningarmála á árinu var áframhaldandi vinna við stöðlun fornleifaskráningar. Drög voru send til skráningaraðila og unnið úr þeim athugasemdum sem báurst. Verður að segjast að skráningaraðilar voru um margt ósammála og ljóst að nokkur vandi verður að finna staðla sem allir geta komið sér saman um. Önnur útgáfa af drögnum voru send út seint á árinu, bæði til skráningaraðila og skipuyfirvalda og verður unnið úr nýjum athugasemdum á nýju ári.

### Annað

Minjavörður Vesturlands var fenginn til þess að leggja mat á landamerki milli Gíslabæjar og þriggja annarra jarða og færa þann vitnisburð fyrir dómi.

Haft var samband við minjavörð Vesturlands vegna fyrirhugaðrar vegalagningar við Gríshólsá á Snæfellsnesi. Gamall stekkur var í vegastæðinu. Minjavörður tók að sér að teikna upp og mæla stekkin með aðstoð vegagerðarinnar áður en hann færi undir vegastæðið.

Haft var samband við minjavörð Vesturlands vegna lokaverkefnis í landslagsarkitektúr. Sigurjón Einarsson, fyrrum nemandi á Hvanneyri, hafði ákveðið að gera lokaverkefni sitt á Syðri Rauðamel í Kolbeinsstaðahrepp og vantaði upplýsingar um fornleifar. Farið var yfir heimildir og gerð vettvangsathugun á fyrirhuguðu skipulagssvæði en engar fornleifar komu í ljós.

Arnoddur Guðmannsson, skipverji á Árbak, hafði samband við minjavörð Norðurlands eystra og tilkynnti að togarinn hefði fengið skipsviði í togvörpuna. Skipið var þá að toga á Sporðagrunni. Minjavörður fór um borð og skoðaði viðina og mat þá svo að hér væri um skipsviði að ræða, sem gætu verið eldri en hundrað ára. Viðirnir voru því fluttir í kalda geymslu, þeir mældir og ljósmyndaðir og síðan pakkað inn í plast með snjó til að halda þeim blautum og köldum. Um er að ræða þrjú viðarstykki, líklega úr eik. Haft var samband við Þjóðminjasafnið en safnið vildi ekki taka við viðunum. Því eru þeir nú geymdir í Wathnehúsinu á Akureyri.

Húsafríðunarnefnd ríkisins hafði samband við minjavörð Norðurlands eystra í júlí vegna fornleifa sem komið höfðu í ljós undir vegghleðslu sem verið var að endurhlaða. Í ljós kom að hleðslumenn höfðu grafið fram eldri steinhleðslur og farið niður fyrir ýmis mannvistarlög. Var þetta gert til að gera góða undirstöðu fyrir hleðsluna. Verkið var stöðvað og lagt til við Húsafríðunarnefnd að hún léti hreinsa, teikna og skjalfesta fundinn.



Náttfaravík—Látraströnd er meðal þeirra svæða sem gerð er tillaga um að njóti sérstakrar friðunar samkvæmt þingsályktunartillögu um náttúruvernd 2004-2008. Umhverfisstofnun er að vinna að gagnaöflun vegna þessa verkefnis og hefur hún sent Fornleifavernd fyrirspurn um menningarminjar á svæðinu. Engin fornleifaskráning hefur verið gerð þarna en þar er að finna fjölda eyðibýla sem flest fóru í eyði fyrir miðja 20. öld. Tveir minjastaðir eru friðlýstir í Flateyjardal, Eyri og Hof. Minjavörður Norðurlands eystra sendi Umhverfisstofnun álit þar sem mælst er til þess að fornleifaskráning fari þar fram.

Áætlað er að stofna þekkingarsetur á Egilsstöðum þar sem hinar ýmsu stofnanir munu hafa betri vettvang til samstarfs og rannsókna. Þá á að reisa nýtt og betra húsnæði fyrir þekkingarsetrið. Hefur Fornleifavernd tekið þátt í þessum áætlunum. Þann 13. janúar var haldin opinn fundur þekkingarseturs á Egilsstöðum. Var stefnan mótuð og samstarfsyfirlýsing undirrituð.

Haft var samband við minjavörð Austurlands vegna endurofnunar á efnisnámu í landi Eyvindarár á Fljótsdalshéraði. Svæðið var skoðað en vitað var um eina tóft í grennd við námuna. Tóftin reyndist vera merkt með stiku og var hún einnig utan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Ekki var talin ástæða til frekari merkinga á tóftinni.

Húsafríðunarnefnd ríkisins bað minjavörð Austurlands um umsögn með tillögu að friðun Dalatangavita eldri. Dalatangaviti er einn elsti viti landsins og fagnaði því minjavörður tillögu um friðun hans.

Minjavörður Austurlands varð við beiðni framkvæmdaraðila sem voru að leggja ljósleiðara við Bakkagerði í Fljótsdal og rústir merktar sem voru í grennd við lagningarleið línu. Rústirnar voru skoðaðar aftur viku seinna eftir að verktakar héldu að þeir hefðu farið í eina rústina. Skemmdir reyndust vera óverulegar og ekki talinn varanlegur skaði af.



Hrafnfjörður við Jökulfirði

## Starfsstöðvar og starfsfólk



### Forstöðumaður

Kristín Huld Sigurðardóttir  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556630, fax: 5556631  
Netfang: [kristinhuld@fornleifavernd.is](mailto:kristinhuld@fornleifavernd.is)

### Deildarstjóri umhverfismats

Kristinn Magnússon  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556634, fax: 5556631  
Netfang: [kristinn@fornleifavernd.is](mailto:kristinn@fornleifavernd.is)

### Deildarstjóri skipulagsmála

Agnes Stefánsdóttir  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556633, fax: 5556631  
Netfang: [agnes@fornleifavernd.is](mailto:agnes@fornleifavernd.is)

### Verkefnisstjóri

**minningarmarkaskráningar**  
Gunnar Bollason  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556632, fax: 5556631  
Netfang: [gunnar@fornleifavernd.is](mailto:gunnar@fornleifavernd.is)

### Sérfræðingur

Guðlaug Vilbogadóttir  
Suðurgata 39, Reykjavík  
Sími: 5556630, fax: 5556631

### Minjavörður Vesturlands

Magnús A. Sigurðsson  
Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi  
Sími: 4381880/8659942, fax: 4381705  
Netfang: [magnus@fornleifavernd.is](mailto:magnus@fornleifavernd.is)

### Minjavörður Norðurlands vestra

Pór Hjaltalín  
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki  
Sími: 453 6203/845 8510, fax: 453 7998  
Netfang: [thor@fornleifavernd.is](mailto:thor@fornleifavernd.is)

### Minjavörður Norðurlands eystra

Sigurður Bergsteinsson  
Aðalstræti 58, 600 Akureyri  
Sími: 4621089/8659942, fax: 4612562  
Netfang: [sigurdur@fornleifavernd.is](mailto:sigurdur@fornleifavernd.is)

### Minjavörður Austurlands

Inga Sóley Kristjónudóttir  
Tjarnarbraut 39a, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4711451/8641451, fax: 4711452  
Netfang: [hulda@fornleifavernd.is](mailto:hulda@fornleifavernd.is)

### Verkefnastjóri skráningarmála

Sólborg Una Pálsdóttir  
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki  
Sími: 453 6203/862 4353, fax: 453 7998  
Netfang: [solborg@fornleifavernd.is](mailto:solborg@fornleifavernd.is)



Beðið eftir fararskjóta